



BARNAVERNDARSTOFA

Samanburður á fjölda tilkynninga til barnaverndarnefnda og fjölda umsókna um þjónustu til Barnaverndarstofu á fyrstu sex mánuðum árunum 2017 - 2019

2019

Í þessari samantekt er að finna samanburð á fjölda tilkynninga til barnaverndarnefnda skv. sískráningu nefndanna á fyrstu sex mánuðum árunum 2017, 2018 og 2019. Endanlegar upplýsingar um fjölda tilkynninga koma fram í samtölublöðum barnaverndarnefndanna sem birtast í ársskýrslu Barnaverndarstofu. Einnig er hér að finna upplýsingar um fjölda umsókna um þjónustu til Barnaverndarstofu á fyrstu sex mánuðum árunum 2017, 2018 og 2019.

Tilkynningar til barnaverndarnefnda

Tilkynningum til barnaverndarnefnda fjölgaði um 7,4% á fyrstu sex mánuðum ársins 2019 miðað við árið á undan. Hins vegar fjölgar tilkynningum um 8,4% ef miðað er við fyrstu sex mánuði ársins 2017. Fjöldi tilkynninga á fyrstu sex mánuðum ársins 2019 var 5.554 tilkynningar. Tilkynningum fjölgaði bæði á höfuðborgarsvæðinu og á landsbyggðinni. Þess ber að geta að tilkynning til barnaverndarnefndar verður að barnaverndarmáli ef tekin er ákvörðun um könnun máls í kjölfar tilkynningarinnar.

Flestar tilkynningar á fyrstu sex mánuðum ársins 2019 voru vegna vanrækslu líkt og árin á undan eða 41,5% tilkynninga. Þetta hlutfall var 42,2% á fyrstu sex mánuðum ársins 2018 og 39% á fyrstu sex mánuðum ársins 2017. Hlutfall tilkynninga vegna ofbeldis á fyrstu sex mánuðum ársins 2019 var 26,3%, 26,2% fyrir sama tímabil árið á undan og 25,7% á fyrstu sex mánuðum ársins 2017. Hlutfall tilkynninga vegna áhættuhegðunar barna var 31,4% á fyrstu sex mánuðum ársins 2019, 30,7% fyrir sama tímabil árið á undan og 34,4% á fyrstu sex mánuðum ársins 2017. Hlutfall tilkynninga þar sem að heilsu eða lífi ófædds barns var stefnt í hættu var um 1% öll árin.

Hlutfall tilkynninga þar sem tilkynnt var um vanrækslu og fram kom að foreldrar voru í áfengis-og/eða fíkniefnaneyslu var 13,8% á fyrstu sex mánuðum ársins 2019. 13,9% fyrir sama tímabil árið á undan og 10,9% á fyrstu sex mánuðum ársins 2017. En í tilkynningum um ofbeldi var hlutfall tilkynninga þar sem um heimilisofbeldi var að ræða 8% á fyrstu sex mánuðum ársins 2019, 7,8% fyrir sama tímabil árið á undan og 7,7% á fyrstu sex mánuðum ársins 2017.

Flestar tilkynningar bárust frá lögreglu, eða 41,3% tilkynninga á fyrstu sex mánuðum ársins 2019, hlutfallið var 40,8% fyrir sama tímabil árið á undan og 43,2% á fyrstu sex mánuðum ársins 2017.

Samanlagður fjöldi barna sem tilkynnt var um á fyrstu sex mánuðum ársins 2019 var 4.462 börn, en sambærileg tala fyrir árið á undan var 4.067 börn og 4.015 börn á fyrstu sex mánuðum ársins 2017. Þess ber að geta að tölur um fjölda barna sem tilkynnt var um eru fengnar þannig að fjöldi barna sem tilkynnt var um í hverjum mánuði fyrir sig er lagður saman. Tilkynningar geta borist um sama barnið á milli mánaða, þannig að hér er ekki alltaf um að ræða fjölda einstaklinga yfir ákveðið tímabil heldur samanlagðan heildarfjölda barna í hverjum mánuði fyrir sig.

Umsóknir til Barnaverndarstofu

Umsóknum um meðferðarúræði á vegum Barnaverndarstofu fækkaði á fyrstu sex mánuðum ársins 2019 miðað við sama tímabil árið á undan úr 90 umsóknum í 70. Umsóknir voru 76 á fyrstu sex mánuðum ársins 2017. Flestar umsóknir bárust um MST en fjölkerfameðferð (MST) snýr að fjölskyldum unglinga með fjölþættan hegðunarvanda sem kominn er á það alvarlegt stig að vistun unglings utan heimilis er talin koma til greina. Markhópurinn eru unglingar á aldrinum 12-18 ára og fer meðferðin fram á heimilum fólks. Frá því í febrúar 2015 hefur þjónusta MST náð til alls landsins, en áður var þjónustuvæðið miðað við 60 min.

akstursfjarlægð frá Reykjavík. Flestar umsóknir um meðferð bárust frá Reykjavík eða 45,7% og fleiri umsóknir um meðferð bárust fyrir drengi en stúlkur öll árin.

Beiðnum til Barnaverndarstofu um fósturheimili fjölgaði á fyrstu sex mánuðum ársins 2019 úr 63 beiðnum í 88 miðað við sama tímabil árið á undan. Beiðnir um fósturheimili voru 84 á fyrstu sex mánuðum ársins 2017. Beiðnum um tímabundið fóstur fjölgaði mest og flestar beiðnir bárust frá landsbyggðinni eða 36,4% á fyrstu sex mánuðum ársins 2019. Fleiri beiðnir bárust fyrir drengi fyrstu sex mánuði árána 2017 og 2018, en fleiri fyrir stúlkur á fyrstu sex mánuðum ársins 2019.

Rannsóknarviðtöl í Barnahúsi skiptast í skýrslutökur fyrir dómi annars vegar og könnunarviðtöl fyrir barnaverndarnefndir hins vegar. Rannsóknarviðtölum fækkaði úr 133 á fyrstu sex mánuðum ársins 2018 í 108 fyrir sama tímabil á árinu 2019, en þau voru 124 á fyrstu sex mánuðum ársins 2017. Skýrslutökur fyrir dómi voru 63 á fyrstu sex mánuðum ársins 2019, 62 fyrir sama tímabil árið á undan en 50 á fyrstu sex mánuðum ársins 2017. Fjölgunin skýrist af fjölgun í skýrslutökum vegna kynferðislegs ofbeldis. Könnunarviðtölum fyrir barnaverndarnefndir fækkaði úr 71 á fyrstu sex mánuðum ársins 2018 í 45 fyrir sama tímabil á árinu 2019, en þau voru 74 á fyrstu sex mánuðum ársins 2017. Fjöldi barna sem fór í greiningar- og meðferðarviðtöl á fyrstu sex mánuðum ársins 2019 var 68 börn, en þau voru 57 fyrir sama tímabil árið og undan og 66 á fyrstu sex mánuðum ársins 2017. Stúlkur voru í meirihluta þeirra barna sem komu í rannsóknarviðtöl öll árin.

Vistunum á lokaðri deild á Stuðlum fækkaði úr 111 í 98 á fyrstu sex mánuðum ársins 2019 miðað við sama tímabil árið á undan. Vistanir voru 118 á fyrstu sex mánuðum ársins 2017. Vistunardögum fækkaði úr 739 dögum á fyrstu sex mánuðum ársins 2018 í 508 daga fyrir sama tímabil á árinu 2019, en vistunardagar á fyrstu sex mánuðum ársins 2017 voru 723. Alls komu 49 börn á lokaða deild á fyrstu sex mánuðum ársins 2019, en þau voru 55 fyrir sama tímabil á árinu 2018 og 58 á fyrstu sex mánuðum ársins 2017.

Umsóknum um leyfi til að gerast fósturforeldrar fækkaði miðað við árin á undan, voru 22 á fyrstu sex mánuðum ársins 2019, 37 fyrir sama tímabil á árinu 2018 og 27 á fyrstu sex mánuðum ársins 2017.

Í eftirfarandi töflum má sjá sundurliðun á þessum samanburði.

Tilkynningar til barnaverndarnefnda

Fjöldi tilkynninga eftir landsvæði


Landsvæði	Fyrstu sex mánuðir 2017		Fyrstu sex mánuðir 2018		Fyrstu sex mánuðir 2019	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Reykjavík	2.311	45,1	2.207	42,7	2.382	42,9
Nágrenni Reykjavíkur ¹	1.310	25,6	1.358	26,3	1.474	26,5
Landsbyggð	1.503	29,3	1.607	31,1	1.698	30,6
Samtals	5.124	100,0	5.172	100,0	5.554	100,0

¹Nágrenni Reykjavíkur tilheyra öll sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu nema Reykjavík: Hafnarfjörður, Garðabær, Kópavogur, Seltjarnarnes, Mosfellsbær og Kjósarhreppur.

Fjöldi tilkynninga skipt eftir kynjum

Kyn	Fyrstu sex mánuðir 2017		Fyrstu sex mánuðir 2018		Fyrstu sex mánuðir 2019	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Drengir	2.878	56,2	2.755	53,3	2.968	53,4
Stúlkur	2.202	43,0	2.373	45,9	2.542	45,8
Ekki vitað ¹	44	0,9	44	0,8	44	0,8
Samtals	5.124	100,0	5.172	100,0	5.554	100,0

¹Tilkynningar geta borist vegna ófæddra barna.



Fjöldi barna sem tilkynnt var um eftir landsvæði

Landsvæði	Fyrstu sex mánuðir 2017		Fyrstu sex mánuðir 2018		Fyrstu sex mánuðir 2019	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Reykjavík	1.596	39,8	1.560	38,4	1.759	39,4
Nágrenni Reykjavíkur ²	1.078	26,8	1.156	28,4	1.247	27,9
Landsbyggð	1.341	33,4	1.351	33,2	1.456	32,6
Samtals	4.015	100,0	4.067	100,0	4.462	100,0

¹Tölur um fjölda barna sem tilkynnt var um eru fengnar þannig að fjöldi barna sem tilkynnt er um í hverjum mánuði fyrir sig er lagður saman. Tilkynningar geta borist um sama barnið á milli mánaða, þannig að hér er ekki alltaf um að ræða fjölda einstaklinga yfir ákveðið tímabil heldur, samanlagðan heildarfjölda barna í hverjum mánuði fyrir sig.

²Nágrenni Reykjavíkur tilheyrir öll sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu nema Reykjavík: Hafnarfjörður, Garðabær, Kópavogur, Seltjarnarnes, Mosfellsbær og Kjósarhreppur.

Fjöldi barna skipt eftir kynjum

Kyn	Fyrstu sex mánuðir 2017		Fyrstu sex mánuðir 2018		Fyrstu sex mánuðir 2019	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Drengir	2.272	56,6	2.214	54,4	2.414	54,1
Stúlkur	1.702	42,4	1.831	45,0	2.020	45,3
Ekki vitað ¹	41	1,0	22	0,6	28	0,6
Samtals	4.015	100,0	4.067	100,0	4.462	100,0

¹Tilkynningar geta borist vegna ófæddra barna.

Fjöldi barna þar sem mál var þegar til meðferðar (opið mál) eða ákveðið var að hefja könnun

	Fyrstu sex mánuðir 2017		Fyrstu sex mánuðir 2018		Fyrstu sex mánuðir 2019	
	Fjöldi	Hlutfall ¹	Fjöldi	Hlutfall ¹	Fjöldi	Hlutfall ¹
Fjöldi barna þar sem ákveðið var að hefja könnun, mál þegar í könnun eða meðferð (opið mál)	2.892	72,0	2.983	73,3	3.174	71,1
Drengir	1.611	55,7	1.597	53,5	1.689	53,2
Stúlkur	1.256	43,4	1.368	44,9	1.464	46,1
Ekki vitað ²	25	0,9	18	0,6	21	0,7
Þar af nýjar kannanir	1.452	36,2	1.553	38,2	1.602	35,9
Drengir	771	53,1	822	52,9	857	53,5
Stúlkur	664	45,7	720	46,4	735	45,9
Ekki vitað ²	17	1,2	11	0,7	10	0,6

¹Hlutfall af þeim börnum sem tilkynnt var um.

²Tilkynningar geta borist vegna ófæddra barna.

Ástæður tilkynninga¹

Ástæður tilkynninga	Fyrstu sex mánuðir 2017		Fyrstu sex mánuðir 2018		Fyrstu sex mánuðir 2019	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Vanræksla	2.000	39,0	2.183	42,2	2.305	41,5
<i>Drengir</i>	1.068	20,8	1.140	22,0	1.162	20,9
<i>Stúlkur</i>	932	18,2	1.043	20,2	1.143	20,6
Líkamleg vanræksla	111	2,2	109	2,1	125	2,3
<i>Drengir</i>	77	1,5	57	1,1	66	1,2
<i>Stúlkur</i>	34	0,7	52	1,0	59	1,1
Vanræksla varðandi umsjón og eftirlit	1.706	33,3	1.832	35,4	1.965	35,3
<i>Drengir</i>	891	17,4	950	18,4	991	17,8
<i>Stúlkur</i>	815	15,9	882	17,1	974	17,5
Þar af foreldrar í áfengis-og fíkniefnaneyslu	557	10,9	717	13,9	765	13,8
<i>Drengir</i>	285	5,6	364	7,0	367	6,6
<i>Stúlkur</i>	272	5,3	353	6,8	398	7,2
Vanræksla varðandi nám	106	2,1	137	2,6	120	2,2
<i>Drengir</i>	55	1,1	84	1,6	73	1,3
<i>Stúlkur</i>	51	1,0	53	1,0	47	0,8
Tilfinningaleg vanræksla	158	3,1	154	3,0	166	3,0
<i>Drengir</i>	95	1,9	78	1,5	71	1,3
<i>Stúlkur</i>	63	1,2	76	1,5	95	1,7
Ofbeldi	1.316	25,7	1.355	26,2	1.458	26,3
<i>Drengir</i>	648	12,6	673	13,0	694	12,5
<i>Stúlkur</i>	668	13,0	682	13,2	764	13,8
Tilfinningalegt/sálrænt ofbeldi	781	15,2	849	16,4	946	17,0
<i>Drengir</i>	408	8,0	428	8,3	461	8,3
<i>Stúlkur</i>	373	7,3	421	8,1	485	8,7
Þar af heimilisofbeldi	393	7,7	406	7,8	444	8,0
<i>Drengir</i>	202	3,9	203	3,9	214	3,9
<i>Stúlkur</i>	191	3,7	203	3,9	230	4,1
Líkamlegt ofbeldi	328	6,4	294	5,7	334	6,0
<i>Drengir</i>	190	3,7	184	3,6	179	3,2
<i>Stúlkur</i>	138	2,7	110	2,1	155	2,8
Kynferðislegt ofbeldi	215	4,2	243	4,7	223	4,0
<i>Drengir</i>	61	1,2	85	1,6	76	1,4
<i>Stúlkur</i>	154	3,0	158	3,1	147	2,6


Áhættuhegðun barna	1.762	34,4	1.586	30,7	1.746	31,4
<i>Drengir</i>	1.156	22,6	948	18,3	1.113	20,0
<i>Stúlkur</i>	606	11,8	638	12,3	633	11,4
Neysla barns á vímuefnum	260	5,1	290	5,6	298	5,4
<i>Drengir</i>	154	3,0	163	3,2	174	3,1
<i>Stúlkur</i>	106	2,1	127	2,5	124	2,2
Barn stefnir eigin heilsu og þroska í hættu	709	13,8	656	12,7	648	11,7
<i>Drengir</i>	399	7,8	316	6,1	354	6,4
<i>Stúlkur</i>	310	6,0	340	6,6	294	5,3
Afbrot barns	427	8,3	288	5,6	362	6,3
<i>Drengir</i>	320	6,2	214	4,1	264	4,8
<i>Stúlkur</i>	107	2,1	74	1,4	98	1,8
Barn beitir ofbeldi	247	4,8	241	4,7	305	5,5
<i>Drengir</i>	214	4,2	197	3,8	238	4,3
<i>Stúlkur</i>	33	0,6	44	0,9	67	1,2
Erfiðleikar barns í skóla, skólasókn áfátt	166	3,2	163	3,2	204	3,7
<i>Drengir</i>	98	1,9	88	1,7	122	2,2
<i>Stúlkur</i>	68	1,3	75	1,5	82	1,5
Heilsa eða líf ófædds barns í hættu	46	0,9	48	0,9	45	0,8
Tilkynningar alls	5.124	100,0	5.172	100,0	5.554	100,0
Hversu oft var barn í yfirvofandi hættu²	181	100,0	224	100,0	325	100,0
<i>Drengir</i>	96	53,0	111	49,6	163	50,2
<i>Stúlkur</i>	80	44,2	111	49,6	155	47,7
<i>Ekki vitað³</i>	5	2,8	2	0,9	7	2,2

¹Athugið að aðeins má merkja við eina aðalástæðu fyrir hverja tilkynningu. Hins vegar má merkja við fleiri undirástæður t.d. innan vanrækslu. Ef ein tilkynning berst um vanrækslu skal merkja við vanrækslu sem aðalflokk en merkja má t.d. við bæði líkamlega vanrækslu og tilfinningalega. Samanlagður fjöldi aðalflokka fjögurra stemmir því við fjölda tilkynninga en fjöldi innan hvers aðalflokks þarf ekki að stemma við heildartöluna.

²Að mati tilkynnanda

³Tilkynningar geta borist vegna ófæddra barna.

Ástæður tilkynninga



Tilkynnendur

Tilkynnendur	Fyrstu sex mánuðir 2017		Fyrstu sex mánuðir 2018		Fyrstu sex mánuðir 2019	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Barnið sjálf	35	0,7	34	0,7	19	0,3
Ættingjar barns aðrir en foreldrar	219	4,3	313	6,1	272	4,9
Nágrannar	286	5,6	373	7,2	370	6,7
Önnur barnaverndarnefnd	92	1,8	64	1,2	80	1,4
Þjónustumiðst./starfsm.félagsþjónustu	139	2,7	141	2,7	156	2,8
Lögregla	2.213	43,2	2.108	40,8	2.294	41,3
Skóli, sérfræðiþj., fræðslu- eða skólaskr.	738	14,4	720	13,9	858	15,5
Leikskóli/gæsluforeldri	126	2,5	134	2,6	119	2,1
Læknir/heilsugæsla/sjúkrahús	480	9,4	493	9,5	563	10,1
Foreldrar barns	365	7,1	401	7,8	390	7,0
Aðrir	431	8,4	391	7,6	433	7,8
Samtals	5.124	100,0	5.172	100,0	5.554	100,0

Umsóknir um meðferð

Tegund meðferðar

Tegund meðferðar	Fyrstu sex mánuðir 2017		Fyrstu sex mánuðir 2018		Fyrstu sex mánuðir 2019	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Stuðlar	18	23,7	20	22,2	13	18,6
Önnur meðferðarheimili*	12	15,8	14	15,6	12	17,1
MST	46	60,5	56	62,2	45	64,3
Samtals	76	100,0	90	100,0	70	100,0

* Laugaland, Lækjarbakki og Háholt (Háholt lokaði um mitt ár 2017).

Umsóknir eftir landsvæði

Landsvæði	Fyrstu sex mánuðir 2017		Fyrstu sex mánuðir 2018		Fyrstu sex mánuðir 2019	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Reykjavík	35	46,1	33	36,7	32	45,7
Nágrenni Reykjavíkur ¹	20	26,3	33	36,7	18	25,7
Landsbyggð	21	27,6	24	26,7	20	28,6
Samtals	76	100,0	90	100,0	70	100,0

¹Nágrenni Reykjavíkur tilheyrir öll sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu nema Reykjavík: Hafnarfjörður, Garðabær, Kópavogur, Seltjarnarnes, Mosfellsbær og Kjósarhreppur.

Kyn barna

Kyn	Fyrstu sex mánuðir 2017		Fyrstu sex mánuðir 2018		Fyrstu sex mánuðir 2019	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Drengir	48	63,2	52	57,8	45	64,3
Stúlkur	28	36,8	38	42,2	25	35,7
Samtals	76	100,0	90	100,0	70	100,0

Beiðnir um fósturheimili

Tegund fósturs

Tegund fósturs	Fyrstu sex mánuðir 2017		Fyrstu sex mánuðir 2018		Fyrstu sex mánuðir 2019	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Tímabundið	63	75,0	34	54,0	56	63,6
Varanlegt	14	16,7	18	28,6	20	22,7
Styrkt	7	8,3	11	17,5	12	13,6
Samtals	84	100,0	63	100,0	88	100,0

Beiðnir eftir landsvæði

Landsvæði	Fyrstu sex mánuðir 2017		Fyrstu sex mánuðir 2018		Fyrstu sex mánuðir 2019	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Reykjavík	37	44,0	17	27,0	31	35,2
Nágrenni Reykjavíkur ¹	16	19,0	23	36,5	25	28,4
Landsbyggð	31	37,0	23	36,5	32	36,4
Samtals	84	100,0	63	100,0	88	100,0

¹Nágrenni Reykjavíkur tilheyra öll sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu nema Reykjavík: Hafnarfjörður, Garðabær, Kópavogur, Seltjarnarnes, Mosfellsbær og Kjósarheppur.

Kyn barna

Kyn	Fyrstu sex mánuðir 2017		Fyrstu sex mánuðir 2018		Fyrstu sex mánuðir 2019	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Drengir	47	56,0	33	52,4	42	47,7
Stúlkur	37	44,0	30	47,6	46	52,3
Samtals	84	100,0	63	100,0	88	100,0

Þjónusta í Barnahúsi

Þjónusta í Barnahúsi

	Fyrstu sex mánuðir 2017	Fyrstu sex mánuðir 2018	Fyrstu sex mánuðir 2019
	Fjöldi	Fjöldi	Fjöldi
Rannsóknarviðtöl	124	133	108
a. Skýrslutökur	50	62	63
Vegna kynferðislegs ofbeldis	28	39	42
Vegna líkamlegs- og heimilisofbeldi ofbeldis	22	23	21
b. Könnunarviðtöl	74	71	45
Þar af við fylgdarlaus börn	8	0	2
Þar af við hælisleitandi börn í fylgd forsjáraðila ³	5	0	1
Greiningar- og meðferðarviðtöl	66	57	68
Læknisskoðanir	2	6	2

Til viðbótar nýtti lögreglan aðstöðu Barnahúss í einu tilviki á fyrstu sex mánuðum ársins 2017 og í einu tilviki á fyrstu sex mánuðum ársins 2019.

Kyn barna í Barnahúsi¹

Kyn	Fyrstu sex mánuðir 2017		Fyrstu sex mánuðir 2018		Fyrstu sex mánuðir 2019	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Drengir	44	35,5	59	44,4	39	36,1
Stúlkur	80	64,5	74	55,6	69	63,9
Samtals	124	100,0	133	100,0	108	100,0

¹Kyn þeirra barna sem komu í skýrslutöku eða könnunarviðtal, sama barn getur komið bæði í skýrslutöku og könnunarviðtal innan tiltekins tíma.

Lokuð deild á Stuðlum

Lokuð deild á Stuðlum¹

	Fyrstu sex mánuðir 2017	Fyrstu sex mánuðir 2018	Fyrstu sex mánuðir 2019
	<i>Fjöldi</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Fjöldi</i>
Fjöldi vistana	118	111	98
Vistunardagar: 25. eða 31. gr.bvl.	723	739	508
Vistunardagar: Vistun á viðeigandi stofnun skv. 100. gr. laga um meðferð sakamála nr. 88/2008	88	0	0
Fjöldi einstaklinga	58	55	49

Kyn barna á lokaðri deild á Stuðlum

Kyn	Fyrstu sex mánuðir 2017		Fyrstu sex mánuðir 2018		Fyrstu sex mánuðir 2019	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Drengir	39	67,2	30	54,5	27	55,1
Stúlkur	19	32,8	25	45,5	22	44,9
Samtals	58	100,0	55	100,0	49	100,0

Umsóknir um leyfi til að gerast fósturforeldrar

Umsókn um leyfi til að gerast fósturforeldrar

Hvaðan koma umsóknir?	Fyrstu sex mánuðir 2017		Fyrstu sex mánuðir 2018		Fyrstu sex mánuðir 2019	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Reykjavík og nágrenni ¹	14	51,9	21	56,8	13	59,1
Vesturland	1	3,7	3	8,1	3	13,6
Vestfirðir	0	0,0	1	2,7	1	4,5
Norðurland	1	3,7	4	10,8	2	9,1
Austurland	1	3,7	2	5,4	0	0,0
Suðurland	6	22,2	5	13,5	1	4,5
Reykjanes	3	11,1	1	2,7	2	9,1
Fólk búsett erlendis	1	3,7	0	0,0	0	0,0
Samtals	27	100,0	37	100,0	22	100,0

¹Reykjavík og nágrenni tilheyra öll sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu: Reykjavík, Hafnarfjörður, Garðabær, Kópavogur, Seltjarnarnes, Mosfellsbær og Kjósarhreppur.